

Hæfniviðmið í tónmennt – þrep 2

Sameiginleg viðmið fyrir list- og verkgreinar

Útskýrt og sýnt vinnuferli frá hugmynd til afurðar.
Hagnýtt leikni og þekkingu sem nemandinn hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
Tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði.
Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.
Beitt helstu tækni (tæki og vinnulag) sem námsgreinin býr yfir.
Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki námsgreinarinnar.
Útskýrt helstu hugtök sem tengjast viðfangsefni hverju sinni.
Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu á vinnusvæði.
Sýnt sjálfstæði og ábyrgð við frágang á vinnusvæði.
Sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
Lagt raunsætt mat á eigin verk.

Tónmennt

Greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun.
Tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi s.s. kórsöng eða samspili, sjálfum sér og öðrum til ánægju.
Notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð.
Tekið þátt í samspili og samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk og annarra fyrir áheyrendur.
Greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana.
Greint og útskýrt samhengi mismunandi tónlistarstíla við menningu samfélagsins.
Greint, metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna af sanngirni.